

1930 nr. 28 19. maí**Lög um greiðslu verkkaups**

Tóku gildi 25. maí 1930. Breytt með l. 15/1931 (tóku gildi 20. júlí 1931) og l. 85/1936 (tóku gildi 1. jan. 1937).

■ 1. gr.

□ Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verslanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

□ Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

■ 2. gr.

□ Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og enn fremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðar-

mönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt verkkaupið vikulega að minnsta kosti nema öðruvísi sé um samið.

□ Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

■ 3. gr.

□ Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. 1. mgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt að minnsta kosti vikulega, ef verkinu eða verkshluta, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

□ Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn eða með venslamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefur tekið til iðnnáms.

■ 4. gr.

□ ...¹⁾

□ Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

¹⁾ L. 85/1936, 224. gr.